

Vilhjálmur Bjarnason
Hlíðarbyggð 18
210 Garðabær

Reykjavík, 20. maí 2008.

Efni: Svör við fyrirspurnum á aðalfundi Glitnis banka hf. 20. febrúar sl.

Vísað er til bréfs sem þú sendir stjórn Glitnis banka hf. skömmu fyrir aðalfund bankans sem haldinn var 20. febrúar sl. Í bréfinu voru settar fram fyrirspurnir í sex liðum sem óskað var svara við á aðalfundinum. Á aðalfundinum svaraði þáverandi stjórnarformaður bankans umræddum fyrirspurnum í öllum aðalatriðum, auk þess sem skrifleg yfirlýsing stjórnar um sama efni var aðgengileg öllum hluthöfum sem fundinn sóttu. Vísað er til umræddrar yfirlýsingar og svara fyrirverandi stjórnarformanns. Til áréttingar fara hér á eftir svör stjórnar bankans og verða þau í sömu röð og þau eru fram sett í fyrirnefndu bréfi þínu.

1. Kaupréttarsamningar stjórnar við starfsmenn Glitnis banka hf.

Stjórn bankans hefur einungis gert kaupréttarsamning við forstjóra félagsins, sbr. lið 4 hér að neðan. Gerð annarra kaupréttarsamninga er ekki í höndum stjórnar. Í samræmi við starfskjarastefnu bankans samþykkti stjórn félagsins 30. maí 2007 kaupréttarstefnu vegna þess sem eftir lifði ársins 2007 og ársins 2008. Samkvæmt henni var heimilt að gera kaupréttarsamninga fyrir allt að 550 milljónir hluta við lykilstarfsmenn í bankanum. Bankinn hefur tilkynnt til Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar um heildarfjárhæð kaupréttarsamninga í samræmi við lög og reglur sem um það gilda. Bankinn mun hins vegar af trúnaðar- og samkeppnisástæðum ekki upplýsa um nöfn þeirra starfsmanna sem í hlut eiga, fjölda hluta eða gengi. Vísast í þessu sambandi til opinberra tilkynninga um kaupréttarsamninga starfsmanna bankans og skýringa nr. 17, 19 og 63 í ársreikningi félagsins.

2. Fjárhæð kaupréttar og gengi í samningum.

Vísað er til þess er fram kemur undir lið 1 hér að framan.

3. Tilvik þar sem miðað er við stundargengi eða gengi síðustu 10-20 daga.

Lokagengi hlutabréfa í Glitni banka hf. 29. maí 2007 var 27,5 kr. á hvern hlut. Það gengi var notað í þeim samningum sem gengið var frá þegar í kjölfar ákvörðunar stjórnar um kaupréttarstefnu, sbr. lið 1 hér að framan. Meginreglan er sú að kaupréttargengi er lokagengi síðasta dags fyrir undirritun samnings.

4. Samningur stjórnar við forstjóra.

Þegar Bjarni Ármannsson lét af störfum var ljóst að það yrði vandasamt að fylla hans skarð. Þáverandi stjórn bankans hafði það hlutverk að finna hæfan arftaka og Lárus Welding varð fyrir valinu, sem þá starfaði sem framkvæmdastjóri Landsbankans í London. Lárus hafði á þeim tíma áunnið sér tiltekin starfskjör og réttindi sem hann gaf frá sér þegar hann skipti um starfsvettvang. Þau kjör sem boðin voru Lárusi Welding munu hafa verið í samræmi við það sem tíðkaðist við gerð sambærilegra samninga hjá

fjármálafyrirtækjum á þessum tíma. Það skal hins vegar tekið fram að samningar af þessu tagi verða ekki gerðir á meðan undirritaður gegnir starfi stjórnarformanns í bankanum þótt þeir hafi tíðkast fram til þess í starfsemi fjármálafyrirtækja.

Það ber hins vegar að hafa í huga í þessu samhengi að ekki fellur til raunkostnaður vegna kaupréttarsamninga nema hlutabréf hafi hækkað umfram viðmiðunargengi og hluthafar þar af leiðandi notið verðhækkunar á bréfum sínum. Til þess að bankinn verði fyrir raunkostnaði vegna samninga sem gefnir voru út í samræmi við áðurnefnda kaupréttarstefnu þarf gengi bankans að hækka um u.þ.b. 50% frá núverandi markaðsgengi.

5. Áhrif kaupréttarsamnings við forstjóra á hagnað hluthafa.

Líkt og fram kemur undir lið 4 hér að framan þá fellur ekki til raunkostnaður vegna kaupréttarsamninga nema gengi hækki og að þeir verði innleystir. Farið er með kaupréttarsamninga í reikningsskilum bankans í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Í því felst að verðmæti samninganna er áætlað samkvæmt fyrirframákveðnum mælikvörðum þar sem m.a. er tekið mið af gengisþróun í félaginu fram til þess tíma að samningurinn er gerður. Samningsvirðið er fært til gjalda sem launakostnaður í rekstrarreikningi jafnt yfir líftíma samninganna og á móti er sama fjárhæð færð til hækkunar á eigin fé bankans. Þróist gengi hlutabréfa bankans frá samningsdegi þannig að á innlausnardegi sé það lægra en samningsgengi þeirra þá fellur samningurinn niður án greiðslna og án bakfærslna á áður gjaldfærðum kostnaði vegna þeirra.

Unnið er að því um þessar mundir, í samstarfi við lykilstjórnendur, að breyta núverandi fyrirkomulagi og fella niður þá kauprétti sem nú eru í gildi. Tilgangur með breytingunum verður fyrst og fremst að koma á nýju fyrirkomulagi þar sem hagur hluthafa og starfsmanna fer betur saman en samkvæmt því fyrirkomulagi sem nú er við lýði. Hafi forsvarsmenn Félags fjárfesta hug á að koma á framfæri hugmyndum um efni hvatakerfis fyrir stjórnendur þá er undirritaður reiðubúinn til viðræðna um það efni.

6. Tenging kaupréttarsamninga við afkomu bankans.

Líkt og fram kom undir lið 4 hér að framan þá er kaupréttargengi ákveðið í kaupréttarsamningunum og þeir þannig tengdir við markaðsgengi hlutabréfa í bankanum. Hækki markaðsgengi bréfanna skapar það verðmæti fyrir kaupréttarhafa með sama hætti og hluthafa í bankanum. Ekki er um að ræða aðrar tengingar við afkomu af rekstri bankans eða almennar breytingar á markaðsvísitölum hlutabréfa.

Stjórn bankans væntir þess að með framangreindum upplýsingum hafi fyrirspurnum í bréfi þínu verið svarað á fullnægjandi hátt.

Virðingarfyllt,
f. h. stjórnar Glánis banka hf.,



Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður